



Staðreyndablað: Lesmál

Hvað?

- Lesmál er matstæki sem metur lestur, lesskilning og réttritun nemenda í 2. bekk.
- Prófið skiptist í átta undirþætti sem mynda eftirfarandi fjóra yfirþætti:
 - 1. Umskráningu (undirþáttur 1)
 - 2. Lesskilning (undirþættir 2-4)
 - 3. Hraðlestur (undirþáttur 5)
 - 4. Réttritun (undirþættir 6-8)

Hvernig?

- Deildarstjórar sérkennslu sjá um framkvæmd prófsins og umsjónarkennarar hvers bekkjar sjá um fyrirlögn og skráningu.
- Deildarstjórar sérkennslu koma gögnum til úrvinnslu á skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Hvenær?

- Prófin eru lögð fyrir nemendur í 2. bekk grunnskóla að vori.

Nýting niðurstaðna

- Skrifstofa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur birtir heildarskýrslu fyrir borgina í heild en hver skóli fær sína skýrslu þar sem fjallað er sérstaklega um niðurstöður viðkomandi skóla og þær bornar saman við borgina alla.
- Ráðgjafar Miðju máls og læsis skoða niðurstöður Lesmáls þar sem niðurstaðan er slök en einnig þar sem niðurstaðan er góð og vinna með skólunum.

Áherslur í Menntastefnu

- Hægt er að nota niðurstöður úr Lesmáli sem mælikvarða í læsi þegar teknir eru saman mælikvarðar í mati á menntastefnu.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar um Lesmál má fá hjá ráðgjöfum Miðju máls og læsis <https://mml.reykjavik.is/starfsfolk-mml/>
- Ef þú hefur spurningar til skóla- og frístundasviðs bendum við á að senda tölvupóst á sfs@reykjavik.is.

